

Nýtt skjal

10. desember 2002

Málsnúmer	2002110339
Stofnun	Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Nafn	
Kennitala:	4201693889
Tegund skjals	Minnisblað
Bréfalykill:	60.13
Efni	Skattaleg áhrif breyttra fyrningareglna

Þann 5. des. sl. barst ríkisskattstjóra eftirfarandi orðsending frá ritara efnahags og viðskiptanefndar:

Í kjölfar og með vísan til umræðna á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gærkvöldi um breytingartillögur fjármálaráðuneytisins á fyrningareglum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hef ég verið beðin um af hálfu nefndarmanns að óska eftir nánari greiningu ríkisskattstjóra, ef unnt er, á skattalegum áhrifum breytinganna en gert er í umsögn hans, dags. 4. desember sl.

Er þess óskað að greining ríkisskattstjóra berist nefndasviði Alþingis eins fljótt og hægt er og eigi síðar en þriðjudaginn 10. desember nk.

Ríkisskattstjóri hefur af því tilefni látið afla þeirra upplýsinga, sem unnt var á þeim tíma sem til taks var og taka sama minnisblað þetta og töflur, sem eru á fylgiskjölum með því.

Fylgiskjöl 1 til 3 eru unnin upp úr skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 sem skattskyldum lögaðilum ber að skila. Tölurnar eru aðeins úr framtölum lögaðila. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða áhrif breytingar á fyrningareglum kunna að hafa á rekstrarreikninga og framtöl hjá einstaklingum.

Almennt eru rekstraraðilar að fullnýta þá fyrningarheimild sem þeir hafa. Sú staðreynd að fyrningarhlutfall er í reynd nálægt neðri mörkum nema varðandi fólksbifreiðar þýðir væntanlega að verulegur hluti fyranlegra eigna er komin niður í niðurlagsverð. Innifalið í fyrningum er einnig gjaldfært bókfært verð þeirra eigna sem urðu ónýtar á árinu en upphaflegt kaupverð þeirra er ekki innifalið fyrningargrunni. Draga má þá ályktun að fyrningarhlutföll séu í dag almennt það há að skattalegum fyrningum sé lokið á skemmri tíma en svarar til raunverulegs nýtingartíma eigna.

Við áætlun á hver raunfyrning yrði við lagabreytingu var tekið mið af raunfyrningu á framtali 2002 hjá rekstraraðilum og fjárfestingu þeirra í varanlegum rekstrarfjármunum. Á framtali 2002 var fyrningargrunnur eigna samtals um 815 milljarðar, bókfært verð um 459 milljarðar og fyrningar um 45 milljarðar. Fjárfesting félaga í varanlegum rekstrarfjármunum var um 110 milljarðar. Fyrningargrunnur lausafjár er á framtali 2002 um 380 milljarðar, bókfært verð um 163 milljarðar og fyrningar um 30 milljarðar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjárfestingu félaga í lausafé einu saman á árinu 2001 en nýjar fyrningareglur snerta einungis það. Þar sem það lá ekki fyrir né aðrar upplýsingar um skiptingu nýrra fjárfestinga reyndist ekki unnt að áætla áhrif nýrra fyrningareglna á þessum grundvelli.

Til að koma með grófa ágiskun á hugsanlegum áhrifum breyttra reglna var reiknuð raunfyrning eigna eins og hún var á árinu 2001 og áætlað hver hún kynni að hafa orðið samkvæmt hinum nýju reglum. Með því að aðgreina þau félög sem greiddu tekjuskatt frá hinum má nálgast sennilega niðurstöðu um skattaleg áhrif.

Gengið er út frá því að fyrning muni verða innan lágmarks og hámarks fyrningarheimildar. Erfitt er að leggja mat á hvar á þessu bili raunfyrning muni liggja og

er í áætlaðri fyrningu miðað við að fyrningarhlutfall muni liggja á miðju fyrningarbili. Annars vegar er horft til þess að við fyrirhugaða lagabreytingu mun fyrning á nýjum lausafjármunum um það bil tvöfaldast og hins vegar að nokkur hluti fyrnanlegra eigna er komin niður í niðurlagsverð.

- Í fylgiskjali 1 er áætlun á hækkun fyrninga sem hefði orðið ef hinar nýju reglur um fyrningar hefðu gilt við framtalsskil 2002. Eru þar teknar saman upplýsingar um fyrningar á lausafé hjá þeim félögum sem greiða tekjuskatt 2002.
- Í fylgiskjali 2 eru upplýsingar um fyrningar úr skattframtali rekstraraðila framtalsáranna 1998 til 2002.
- Í fylgiskjali 3 er síðan sýnd raunfyrning á lausafé hjá öllum félögum annars vegar og hjá félögum sem greiddu tekjuskatt fyrir rekstrarárin 1999 til 2001 hins vegar.

Niðurstaðan af þessari skoðun, með öllum fyrirvörum, er að hækkun fyrninga vegna fyrirhugaðra lagabreytinga er áætluð 658 milljónir, sbr. fylgiskjal 1, sem þýðir að tekjuskattur þeirra hefði orðið 118 milljónum lægri en ella hefði orðið þegar miðað er við 18% skatthlutfall. Ekki er tekið tillit til skatthlutfalls sameignarfélaga en hlutur þeirra í þessum tölum er lítill og er því ekki reynt að meta þau áhrif.



fyrningar.xls

Fylgiskjal 1

Heildarfjárhæðir úr skattframtali rekstraraðila, framtalsárið 2002. Félög sem greiddu tekjuskatt.

Fjárhæðir eru í milljónum króna

	Fyrningargrunnur	Fyrningar ársins	Bókfært verð	Heimil fyrning	Raunfyrning
1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.	4.319	392	2.974	5 til 10%	9%
2.fl. Skip og loftför 5-10%.	11.909	520	3.697	5 til 10%	4%
3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.	11.648	897	3.634	5 til 15%	8%
4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.	16.375	2.186	6.220	10 til 20%	13%
5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.	16.489	1.804	5.842	10 til 20%	11%

Í fyrningargrunni ársins er framreiknaður fyrningargrunnur eigna frá síðasta ári, að viðbættu kaupverði keyptrar eigna en að frádragnum framreiknuðum fyrningargrunni seldra og ónýtra eigna á árinu.

Í fyrningum ársins eru reiknaðar fyrningar ársins og gjaldfært bókfært verð þeirra eigna sem ónýttust á árinu.

Raunfyrning er fyrning ársins deilt með fyrningargrunni. Raunfyrning er eitthvað ofmetin þar sem í fyrningum ársins er gjaldfært bókfært verð þeirra eigna sem urðu ónýtar á árinu en upphaflegt kaupverð þeirra er ekki í fyrningargrunni.

	Nýr fyrningargrunnur	Skv. frumvarpi	Áætluð fyrning m.v. meðaltal	Fyrning var	Áætluð hækkun fyrninga
1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.	3.366	10 til 20%	505	392	113
2.fl. Skip og loftför 5-10%.	4.217	10 til 20%	633	520	113
3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.	4.532	10 til 30%	906	897	9
4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.	8.406	20 til 35%	2.312	2.186	125
5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.	7.646	20 til 35%	2.103	1.804	298
Samtals hækkun	28.166		6.458	5.800	658

Fylgiskjal 2

Öll framtöl félaga

(Allar fjárhæðir í milljónum króna)

Reitir á framtali		Tekjuár	1997	1998	1999	2000	2001
		Fjöldi	9.697	9.637	11.110	12.568	12.603
4990	Hreinar tekjur / yfirfæranlegt tap		-39.358	-49.044	-54.048	-94.111	-144.659
3990	Hagnaður/tap skv. ársreikningi		14.001	17.017	26.367	-12.309	-14.886
Fyrningargrunnur							
8005	1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.		7.903	7.105	9.279	10.912	11.447
8010	2.fl. Skip og loftför 5-10%.		50.004	85.963	100.022	109.646	124.451
8015	3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.		42.277	53.875	67.433	76.399	87.740
8020	4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.		18.847	27.060	41.649	51.762	67.101
8025	5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.		39.366	50.256	70.848	79.220	89.409
8030	6.fl. Mannvirki 1-10%.		140.964	182.543	242.282	287.616	359.235
8035	7.fl. Eyðanleg náttúruauðafi		806	3.794	4.355	3.913	3.808
8040	8.fl. Keyptur eignarréttur og viðskiptavild 10-20		10.472	15.828	18.038	23.947	28.408
8045	9.fl. Ófyrnanlegar eignir		2.846	5.931	14.037	20.942	35.453
8050	10.fl. Eignir, niðurfæranlegar sbr. 31.gr.		5.813	4.893	11.152	13.082	8.518
Fyrningar							
8055	1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.		603	615	817	973	990
8060	2.fl. Skip og loftför 5-10%.		2.955	4.588	5.481	5.061	6.373
8065	3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.		2.934	3.419	4.122	4.464	5.433
8070	4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.		1.956	3.034	5.208	6.452	8.386
8075	5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.		3.906	4.609	6.262	7.692	8.897
Bókfært verð							
8105	1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.		5.508	5.053	6.571	7.732	7.833
8110	2.fl. Skip og loftför 5-10%.		25.729	42.757	47.138	50.995	57.751
8115	3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.		15.113	20.545	26.537	29.740	32.306
8120	4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.		7.035	11.020	17.833	23.057	29.022
8125	5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.		16.511	21.919	26.673	33.229	36.296
Heildarfjárhæðir fyrir alla fyrningarflokka							
8200	Samtals framreiknaður fyrningargrunnur		319.277	437.247	579.093	677.439	815.560
8210	Samtals fyrningar ársins		19.241	26.023	33.556	37.496	45.121
8220	Samtals bókfært verð		178.155	238.744	313.566	381.494	458.796
	Samtals fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		51.175	73.676	98.252	112.490	110.173
3130	Fyrningar skv. ársreikningi		18.560	24.786	33.967	40.020	53.631

Fylgiskjal 3

Allar fjárhæðir í milljónum króna

Reitir á framfali

- 4990 Hreinar tekjur / yfirfæranlegt tap
3990 Hagnaður/tap skv. ársreikningi

Öll félög

Tekjuár	1999	2000	2001
Fjöldi félaga	11.110	12.568	12.603
	-54.048	-94.111	-144.659
	26.367	-12.309	-14.886

Félög sem greiddu tekjuskatt

1999	2000	2001
3.361	3.435	3.225
23.528	19.215	18.731
28.108	24.373	32.542

Fyrningargrunnur (reitir 8005 til 8050)

8005	1.fl. Fólksbifreiðar	9.279	10.912	11.447
8010	2.fl. Skip og loftför	100.022	109.646	124.451
8015	3.fl. Iðnaðarvélar og tæki	67.433	76.399	87.740
8020	4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki	41.649	51.762	67.101
8025	5.fl. Vélar og tæki(önnur)	70.848	79.220	89.409
	Fyrningargrunnur lausafjár samtals	289.231	327.939	380.148

4.686	4.717	4.319
17.147	11.300	11.909
12.988	14.687	11.648
14.871	13.743	16.375
26.319	20.767	16.489
76.011	65.215	60.741

Fyrningar (reitir 8055 til 8100)

8055	1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.	817	973	990
8060	2.fl. Skip og loftför 5-10%.	5.481	5.061	6.373
8065	3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.	4.122	4.464	5.433
8070	4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.	5.208	6.452	8.386
8075	5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.	6.262	7.692	8.897
	Fyrningar á lausafé samtals	21.890	24.642	30.079

427	445	392
920	493	520
922	966	897
1.815	1.659	2.186
2.517	2.123	1.804
6.602	5.685	5.800

Raunfyrning

1.fl. Fólksbifreiðar 5-10%.	8,8%	8,9%	8,6%
2.fl. Skip og loftför 5-10%.	5,5%	4,6%	5,1%
3.fl. Iðnaðarvélar og tæki 5-15%.	6,1%	5,8%	6,2%
4.fl. Skrifstofuáhöld og tæki 10-20%.	12,5%	12,5%	12,5%
5.fl. Vélar og tæki(önnur) 10-20%.	8,8%	9,7%	10,0%
Fyrningar á lausafé samtals	7,6%	7,5%	7,9%

9,1%	9,4%	9,1%
5,4%	4,4%	4,4%
7,1%	6,6%	7,7%
12,2%	12,1%	13,4%
9,6%	10,2%	10,9%
8,7%	8,7%	9,5%